

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 4. nóvember 2020.

Staður: Rafrænn fundur með Microsoft Teams.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.18.00.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Kristinn Arason. Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

### Dagskrá:

#### 1. Iðkendatölur matrixa þjónustusamningar félaga – drög

Lagt fram til kynningar og umræðna. Um er að ræða iðkendatölur úr hreyfingarlistum Nórakerfisins, þar sem teknir voru út þeir iðkendur aðildarfélaga ÍBH sem voru yngri en 18 ára og æfðu a.m.k. tvisvar sinnum í viku fjóra mánuði yfir árið 2019. Lagt er til að þrjú félög, Pytur, Keilir og Sörli fái árstúðarbundna aukningu.

#### 2. Iðkendatölur til skiptingar lottótekna milli aðildarfélaga ÍBH

Samþykkt að setja Felixtölur fyrir árið 2019 starfsskýrsla 2020 inn í skjal til skiptingar á lottótekjum frá ÍBH frá og með næstu úthlutun.

#### 3. Starfsreglur um mat á þjálfaramenntun – drög

Lagðar fram til kynningar og umræðna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Tillaga varðandi fjölda þjálfara á flokk. Einn þjálfari fyrir (hópiþróttir) eða tveir þjálfarar fyrir (einstaklingsíþróttir) < 10-19 iðkendur, 20-29 iðkendur þjálfari tvö (hópiþróttir) eða þjálfari þrjú (einstaklingsíþróttir), 30-39 iðkendur þjálfari þrjú (hópiþróttir) eða þjálfari fjögur (einstaklingsíþróttir) og > 40 iðkendur eða fleiri þjálfari fjögur (hópiþróttir) eða þjálfari fimm (einstaklingsíþróttir) og er það hámark á hvern flokk. Afgreiðslu tillögu frestað.

#### 4. Nefnd til að endurskoða siðareglur ÍBH

Samþykkt að eftirtaldir aðilar skipi nefnd til að endurskoða siðareglur ÍBH og að endurskoðun verði lokið fyrir 52. þing ÍBH sem verður haldið í maí 2021. Kristinn Arason (Björk), Aðalsteinn Valdimarsson (Brettafélag Hafnarfjarðar), Hulda Hólm (Pytur) og Anna Lilja Sigurðardóttir (Badmintonfélag Hafnarfjarðar).

#### 5. Aukaframlag frá Íslenskri getspá

Stjórn Íslenskrar getspár samþykkti að greiða aukagreiðslu til eignaraðila vegna góðrar afkomu og mikilvægi fjárhagslegs stuðnings Íslenskrar getspár við eignaraðila sína á þessum fordæmalausum tímum. Heildarupphæð aukagreiðslunnar er 300 milljónir króna sem skiptist til eignaraðila á eftirfarandi hátt: Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands kr. 140.000.000 (46,67%), Öryrkjabandalag Íslands kr. 120.000.000 (40,0%), Ungmennafélag Íslands kr. 40.000.000 (13,33%). ÍSÍ greiddi kr. 98.000.000 út til sambandsaðila og þar af fékk ÍBH kr. 5.280.586. Stjórn ÍBH samþykkti að hlut ÍBH yrði skipt til aðildarfélaga ÍBH og ÍBH samkvæmt lottótekju skiptireglum ÍBH.

**6. Bréf frá ÍSÍ um 75. Íþróttahópið ÍSÍ**

Lagt fram til kynningar. Þingið verður haldið dagana 7. – 8. maí 2021 í Reykjavík.

**7. Íþrótt- og frístundastyrkir frá ríkinu – drög**

Lagt fram til kynningar og umræðna.

**8. Bréf frá ÍSÍ – Óskað eftir upplýsingum um íþróttahópa fyrir 60 ára og eldri**

Lagt fram til kynningar. Bréfið hefur verið sent á öll aðildarfélög ÍBH. ÍSÍ óskar eftir því að fá yfirsýn yfir framboð hreyfingar fyrir þennan aldurshóp.

**9. ÍSÍ - Ólympíuhópur Tókýó 2020 birtur**

23. október 2020 kynnti ÍSÍ Ólympíuhóp fyrir leikana sem verða settir þann 23. júlí 2021. Leikunum var frestað um eitt ár vegna ástandsins í heiminum sökum Covid – 19. Einn Íslendingur er búinn að ná lágmarkum á leikana, sundmaðurinn úr SH Anton Sveinn McKee, þar til viðbótar voru kynntir 26 Ólympíukandidatar, fimm af þeim koma einnig úr aðildarfélögum ÍBH, en þau eru: Hilmar Örn Jónsson sleggjukastari úr FH, Sindri Hrafn Guðmundsson spjótkastari úr FH, Guðrún Edda Harðardóttir Min áhaldafimleikakona Björk, Guðrún Brá Björgvinsdóttir kylfingur Keili og Jóhanna Elín Guðmundsdóttir sundkona SH.

**10. Til sambandsaðila ÍSÍ – Hugum að heilsunni #verumhraust**

Vakin athygli á átaki ÍSÍ. Það er ósk ÍSÍ að sem flestir sjái sér fært að fjalla um átakið og hvetja sitt fólk áfram til hreyfingar.

**11. Fulltrúaráðsfundur ÍBH 19. nóvember nk.**

Umræður um fundinn og efni á honum.

**12. Önnur mál**

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.